

Fjarskiptastofa

10 512

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjarskiptastofa
kt. 570397-2499
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjarskiptastofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem hefur umsjón með framkvæmd fjarskiptamála á Íslandi.

Meginhlutverk Fjarskiptastofu er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn. Fram til 1. júlí 2021 hafði stofnunin sama hlutverki að gegna varðandi pósthjónustu, en sá málaflokkur hefur nú verið færður til Byggðastofnunar. Lög um Fjarskiptastofu eru frá 2021 nr. 75.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 749,7 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 6,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 410,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjarskiptastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjarskiptastofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hrafnkell V. Gíslason
forstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	697.300.000	528.600.000
Aðrar tekjur	3	7.879.000	8.343.500
Seld þjónusta	4	2.980.333	(2.901.957)
Vörusala	5	16.461.274	14.859.642
Framlög og ýmsar tekjur	6	7.806.946	9.830.728
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	17.262.645	13.244.096
Tekjur samtals		749.690.198	571.976.009
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	7	494.690.055	428.182.865
Annar rekstrarkostnaður	8	237.663.059	181.544.957
Afskriftir	9	17.262.645	13.244.096
Gjöld samtals		749.615.759	622.971.918
Afkoma fyrir fjármagnsliði		74.439	(50.995.909)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(48.655)	(58.876)
		(48.655)	(58.876)
Afkoma ársins		25.784	(51.054.785)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	10	6.117.325	216.678
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		65.901.120	57.604.850
Farartæki og vélar		14.379.979	16.972.844
Aðrar eignir		30.146.154	0
		110.427.253	74.577.694
Fastafjármunir samtals		116.544.578	74.794.372
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.807.845	8.700.385
Tengdir aðilar	12	240.589.691	236.390.242
Handbært fé	13	51.904.093	50.711.541
Veltufjármunir samtals		294.301.629	295.802.168
Eignir samtals		410.846.207	370.596.540
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		6.460.173	6.434.389
Bundið eigið fé		201.300.000	201.300.000
Eigið fé samtals		207.760.173	207.734.389
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	1.509.198	7.110.500
Viðskiptaskuldir		24.212.598	22.104.423
Ýmsar skammtímaskuldir	15	64.024.808	49.645.153
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	113.339.430	84.002.075
Skuldir samtals		203.086.034	162.862.151
Eigið fé og skuldir samtals		410.846.207	370.596.540
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		25.784	(51.054.785)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	17.262.645	13.244.096
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(17.262.645)	(13.244.096)
		<u>25.784</u>	<u>(51.054.785)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		6.892.540	(1.746.443)
Tengdir aðilar		(22.213.602)	56.677.713
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		16.487.830	(13.300.595)
		<u>1.166.768</u>	<u>41.630.675</u>
		<u>1.192.552</u>	<u>(9.424.110)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(6.292.086)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(52.720.765)	(39.999.543)
		<u>(59.012.851)</u>	<u>(39.999.543)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		12.412.851	0
Fjárfestingarframlag		46.600.000	39.999.543
		<u>59.012.851</u>	<u>39.999.543</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.192.552	(9.424.110)
		<u>50.711.541</u>	<u>60.135.651</u>
		<u>51.904.093</u>	<u>50.711.541</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	697.300.000	528.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	17.262.645	13.244.096
	<u>714.562.645</u>	<u>541.844.096</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	709.000.000	0	0	709.000.000
Fjárukalög	(14.300.000)	0	0	(14.300.000)
Millifært úr varasjóð	2.600.000	0	0	2.600.000
Fjárveiting til tekna	697.300.000	0	0	697.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(697.274.216)	0	0	(697.274.216)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	25.784	0	0	25.784

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	7.879.000	8.343.500
	<u>7.879.000</u>	<u>8.343.500</u>

4 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	619.164	(5.504.997)
Verksala	954.500	920.000
Ýmsar þjónustutekjur	95.669	104.040
Veitinga- og gistipjónusta	1.311.000	1.579.000
	<u>2.980.333</u>	<u>(2.901.957)</u>

5 Vörusala

Vörusala I	0	50.000
Vörusala II	16.461.274	14.809.642
	<u>16.461.274</u>	<u>14.859.642</u>

6 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	7.629.207	6.456.080
Ýmsar tekjur	177.739	3.374.648
	<u>7.806.946</u>	<u>9.830.728</u>

7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	387.317.752	333.674.273
Orlof, breyting	14.614.127	11.850.054
Launatengd gjöld	86.325.993	75.812.655
Starfsmannakostnaður	6.432.183	6.845.883
	<u>494.690.055</u>	<u>428.182.865</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	33,3	30,7

Skýringar

	2021	2020
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	769.391	978.432
Byggingarvörur, almennar	55.876	0
Byggingarvörur, aðrar	1.231	39.383
Tæki og búnaður til innréttinga	0	209.749
Ýmis tæki og áhöld	1.809.700	2.225.274
Varahlutir og viðhaldsvörur	51.040	214.828
Orkugjafar	1.477.222	1.497.757
Matvæli	6.729.518	6.334.880
Almennar rekstrarvörur	857.013	750.076
Vörukaup, almenn	11.750.991	12.250.379
Ýmsar sérgreindar vörur	92.250	14.158
Vörukaup, sérgreind	92.250	14.158
Fundur, námskeið, risna	24.627.214	31.523.729
Ferðir, uppihald	2.835.235	2.813.110
Akstur	490.901	1.390.428
Sérfræðiþjónusta	81.193.667	47.452.743
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	145.685	104.180
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.319.877	3.950.370
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.856.999	6.240.863
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	118.469.578	93.475.423
Afnotagjöld	64.625.552	45.704.583
Leigugjöld	23.181.833	17.786.178
Notkun véla og flutningatækja	145.980	328.380
Verkkaup	16.147.503	9.504.570
Kostnaðarhlutdeild	2.613.389	2.090.691
Tryggingar, lögboðnar	531.491	261.862
Opinber gjöld	85.923	108.507
Tilfærslur	18.569	20.226
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	107.350.240	75.804.997
Annar rekstrarkostnaður samtals	237.663.059	181.544.957
9 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	14.025.014	11.177.373
Farartæki og vélar	2.592.865	1.830.427
Aðrar eignir	253.327	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	391.439	236.296
	17.262.645	13.244.096

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
10 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	6.117.325	216.678
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnvæð 01.01.2021		708.961
Viðbætur á árinu		6.292.086
		<u>7.001.047</u>
Niðurfært 01.01.2021		492.283
Niðurfærsla ársins		391.439
		<u>883.722</u>
Staða 31.12.2021		<u>6.117.325</u>

	31.12.2021	31.12.2020
11 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	65.901.120	57.604.850
Farartæki og vélar	14.379.979	16.972.844
Aðrar eignir	30.146.154	0
	<u>110.427.253</u>	<u>74.577.694</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	131.940.383	23.502.570	0	155.442.953
Viðbætur á árinu	22.321.284	0	30.399.481	52.720.765
	<u>154.261.667</u>	<u>23.502.570</u>	<u>30.399.481</u>	<u>208.163.718</u>
Afskriftir 01.01.2021	74.335.533	6.529.726	0	80.865.259
Afskrift ársins	14.025.014	2.592.865	253.327	16.871.206
	<u>88.360.547</u>	<u>9.122.591</u>	<u>253.327</u>	<u>97.736.465</u>
Staða 31.12.2021	<u>65.901.120</u>	<u>14.379.979</u>	<u>30.146.154</u>	<u>110.427.253</u>

	31.12.2021	31.12.2020
12 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	240.589.691	236.390.242
	<u>240.589.691</u>	<u>236.390.242</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.509.198	7.110.500
	<u>1.509.198</u>	<u>7.110.500</u>

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Handbært fé		
Tékkareikningar	19.370.717	19.362.549
Bankareikningar	32.533.376	31.348.992
	<u>51.904.093</u>	<u>50.711.541</u>

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2021	31.12.2020
Jöfnuður 1.1.	6.434.389	201.300.000	207.734.389	258.789.174
Afkoma ársins	25.784		25.784	(51.054.785)
Jöfnuður 31.12.	<u>6.460.173</u>	<u>201.300.000</u>	<u>207.760.173</u>	<u>207.734.389</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 201,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2021	31.12.2020
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	63.866.824	49.252.697
Önnur ógreidd gjöld	0	260.752
Skattar	157.984	131.704
	<u>64.024.808</u>	<u>49.645.153</u>

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	116.544.578	74.794.372
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(3.205.148)	9.207.703
	<u>113.339.430</u>	<u>84.002.075</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	74.794.372	9.207.703	84.002.075
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	46.600.000	46.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	52.720.765	(52.720.765)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	6.292.086	(6.292.086)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(17.262.645)</u>	<u>0</u>	<u>(17.262.645)</u>
	<u>116.544.578</u>	<u>(3.205.148)</u>	<u>113.339.430</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 21,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjarskiptastofa hefur gert húsaleigusamning við Ríkiseignir til júní 2024 og aðra ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslar vegna húsaleigu nema kr. 25,3 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 63,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.